



Framkvæmda- fréttir

8. tbl. /05



Rögnvaldur Jónsson
framkvæmdastjóri
framkvæmdasviðs
Vegagerðarinnar skrifar

Auknar gæðakröfur í framkvæmdum Vegagerðarinnar

Þann 10. mars sl. hélt Vegagerðin fund á Grand Hótel um gæðakröfur í framkvæmdum. Fundurinn var aðallega ætlaður starfsmönnum Vegagerðarinnar, ráðgjöfum og verktökum. Því miður var fundurinn illa sóttur af öðrum en vegagerðarfólki og því verður hér greint frá þeim gæðakröfum sem Vegagerðin mun á næstu árum setja um framkvæmd verka.

Vegagerðin hefur sett sér gæðastefnu sem hún mun hafa að leiðarljósi í öllum verkum sínum. Á fundinum lagði vegamálastjóri áherslu á það að bæði starfsmenn Vegagerðarinnar, ráðgjafar og verktakar undirbyggju sig í tíma til að takast á við þessar auknu kröfur. Til þess að þessar breytingar gangi sem best þá mun Vegagerðin bjóða upp á námskeið sem ætluð eru þessum aðilum. Einnig munu Samtök iðnaðarins halda

áfram að bjóða upp á námskeið um samræmdar kröfur verka um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir. Vegagerðin hefur haldið fyrsta námskeiðið fyrir vegagerðarfólk um eftirlit með framkvæmdum og verða haldin fleiri slík námskeið og þá öllum opin. Einnig mun Vegagerðin bjóða upp á fleiri gerðir námskeiða.

Í útbodslýsingum Vegagerðarinnar verður gerð grein fyrir kröfum til gæðastjórnunar í framkvæmdum og þess krafist að bjóðendur uppfylli kröfurnar til að tilboð þeirra verði tekin gild. Þess vegna er nauðsynlegt að verktakar sem vinna fyrir Vegagerðina undirbúi uppbyggingu gæðakerfa í sínum fyrirtækjum því Vegagerðin vill gjarnan halda áfram því ágæta samstarfi sem hefur verið undanfarin ár.

Eftirfarandi skilyrði verða sett í útbodslýsingar:

- Frá og með 1. maí 2005 verður gerð krafa um að verktaki skili og vinni eftir verkmöppu í þeim verkum þar sem heildarkostnaður er áætlaður meiri en 100 m.kr. og verktími lengri en sex mánuðir. Verkmappa skal sýna fram á það að verktaki vinni samkvæmt gæðakerfi, sem hefur það að markmiði að allar aðgerðir séu kerfisbundnar og auðræktar. Kerfið uppfylli að lágmarki eftirtaldir grundvallarkröfur:

framhald á baksíðu

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 8. tbl. 13. árg. nr. 397 4. apríl 2005

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbodsfra-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt,
útbodsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.
Áskrift er endurgjaldslaus.



Gunnar Gunnarsson
aðstoðarvegamálastjóri
skrifar

Hæstaréttardómur vegna eignarnáms

Dómur Hæstaréttar nr. 349/2004.
Íslenska ríkið (Vegagerðin) gegn
Kristbjörgu Hrólfsdóttur (Þjósártún).

Þann 17. mars sl. var ofangreindur dómur kveðinn upp í Hæstarétti. Er hann um margt athyglisverður og Vegagerðinni hagstæður. Málið varðaði fjárhæð eignarnámsbóta vegna eignarnáms úr jörðinni Þjósártúni, Ásahreppi, Rangárvallasýslu, í tilefni af færslu Hringveggar og smíði nýrrar brúar yfir Þjósá. Samningar náðust ekki við landeiganda og því fór málið fyrir Matsnefnd eignarnámsbóta. Matsnefndin mat bætur fyrir land undir nýtt vegstæði 2.295.000 kr., bætur vegna verðrýrnunar lands í næsta nágrenni við hinn nýja veg 3.816.000 kr. og bætur vegna almennrar verðrýrnunar jarðarinnar 5.000.000 kr. eða bætur alls 11.111.000 kr.

Þessu vildi Vegagerðin ekki una, greiddi reyndar eiganda Þjósártúns bætur vegna lands undir nýtt vegstæði, þ.e. 2.295.000 kr., en féllst ekki á niðurstöðu Matsnefndar eignarnámsbóta að því er varðaði tvo síðarnefndu matsliðina. Ástæður voru m.a. þær, að Vegagerðin taldi, að við meðferð málsins hjá matsnefndinni hafi ekki verið gætt þeirra reglna, sem gildi um ákvörðun eignarnámsbóta og við töku stjórnsýsluákvæðana almennt. Litið hafi verið fram hjá mikilvægum atriðum við meðferð málsins og rökstuðningur hafi verið ófullnægjandi. Ekki hafi verið tekin rökstudd afstaða til fyrirbyggjandi gagna í málinu, tölulegri sundurliðun á bótaliðum ábótavant í úrskurði og niðurstæða matsnefndarinnar hafi bent til þess, að hún hafi ofmetið áhrif færslu vegarins á verðmæti jarðarinnar. Þannig hafi ekki verið litið til þess, að aðstæður varðandi umferð verði hinar sömu og verið hafi fyrir eignar-

námið, en færast einungis til í landi jarðarinnar við færslu vegarins. Auk þessa taldi Vegagerðin, að ekki lægi fyrir, að landeigandi hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna verðrýrnunar þess hluta lands Þjósártúns, sem ekki hafi verið tekinn eignarnámi, og ekkert benti til þess, að markaðsverð jarðarinnar hafi eða muni lækka vegna framkvæmdanna fyrir utan það land, sem fór undir veginn.

Vegagerðin taldi ekki vænlegt, að svo komnu, að fara með málið fyrir dómstóla, þar sem einungis lægi fyrir hið óhagstæða mat Matsnefndar eignarnámsbóta. Var því ákveðið að óska eftir mati dómkvaddra matsmanna áður en lengra yrði haldið, og voru dómkvaddir tveir sérfróðir matsmenn til þess að meta fjárhagslegt tjón vegna verðrýrnunar jarðarinnar Þjósártúns af völdum eignarnámsins. Þessu mótmælti landeigandi sem algjörlega þýðingarlausu varðandi lögskipti aðilanna í ljósi þess, að fyrir lægi niðurstæða Matsnefndar eignarnámsbóta í matsmálinu, sem að lögum væri bindandi fyrir Vegagerðina.

Mat hinna dómkvöddu matsmanna fór að engu síður fram, og varð niðurstæða þeirra á þann veg, að metnar voru bætur að fjárhæð kr. 1.268.000 vegna verðrýrnunar lands í næsta nágrenni við hinn nýja veg og kr. 2.350.000 í bætur vegna almennrar verðrýrnunar jarðarinnar, eða bætur alls fyrir utan það land, sem fór undir veg kr. 3.618.000, þ.e. kr. 5.198.000 lægri en Matsnefnd eignarnámsbóta hafði metið vegna þessara liða.

Þessu vildi landeigandi ekki una og stefndi málinu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Raunar vildi Vegagerðin ekki heldur una þessar niðurstæðu hinna dómkvöddu matsmanna og taldi enn of hátt metið. Dómkröfur landeiganda fyrir héraðsdómi voru þær, að bætur yrðu metnar í samræmi við niðurstöðu Matsnefndar eignarnámsbóta. Vegagerðin krafðist þess aðallega að vera sýknuð af öllum kröfum landeiganda, þ.e. að bætur yrðu ekki hærri en þær, sem þegar höfðu verið greiddar fyrir land undir veginn. Til vara krafðist Vegagerðin þess, að kröfur landeiganda yrðu lækkaðar verulega og studdist þá m.a. við mat hinna dómkvöddu matsmanna.

Niðurstæða héraðsdóms var á þá leið, að alfarið var fallist á kröfur landeiganda. Segir með annars í forsendum dómsins:



Ný brú yfir Þjósá á vígsludegi 11.12.2003.

(Innan sviga orð höfundar).

„Af framlagðri matsgerð, sem stefndi (Vegagerðin) styður kröfur sínar við (varakröfu reyndar sbr. að framan), verður ráðið að hinir dómkvöddu matsmenn byggji á sömu sjónarmiðum um almenna verðryrnun jarðarinnar, en nálgist verðmatið með öðrum hætti, án þess að það verðmat þeirra sé rökstutt frekar en í úrskurði matsnefndarinnar (Matsnefndar eignarnámsbóta).

Er það álit dómsins að lagning hringvegur um land stefnanda (landeiganda) hafi þau áhrif sem í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta greinir og að matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna haggi ekki því mati, sem byggist á gögnum sem lögð voru fyrir nefndina (m.a. álit löggitls fasteignasala, sem mat verðryrnun jarðarinnar vegna framkvæmda Vegagerðarinnar kr. 15.000.000!).

Með því að fyrir liggur rökstuddur úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta, sem samkvæmt framansögðu hefur ekki verið hnekkt, ber að fallast á kröfur stefnanda um fjárhæð skaðabóta vegna eignarnámsins. Verður því krafa stefnanda tekin til greina eins og hún er fram sett“.

Því fór fjarri, að Vegagerðin vildi una þessari niðurstöðu, og var ákveðið að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Skemmst er frá því að segja, að Hæstiréttur dæmdi einungis bætur vegna verðryrnunar lands í næsta nágrenni við hinn nýja veg og miðaði þá við niðurstöðu hinna dómkvöddu matsmanna, þ.e. kr. 1.268.000. Voru því bætur lækkaðar í Hæstarétti miðað við niðurstöðu héraðsdóms, sem byggði á niðurstöðu Matsnefndar eignarnámsbóta, um kr. 7.548.000. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir m.a.:

„Eins og að framan greinir komst matsnefnd eignarnámsbóta að þeirri niðurstöðu, að almenn verðryrnun jarðarinnar Þjórsártúns vegna eignarnámsins væri 5.000.000 krónur. Dómkvaddir matsmenn töldu verðryrnunina vera 2.350.000 krónur, en ekki hefur verið leitað yfirmats.

Rökstuðningur matsnefndar eignarnámsbóta að því er þennan lið varðar er ákaflega rýr. Eins og að framan er getið miðast mat nefndarinnar við þá framtíðarnýtingu landsins að það henti fyrir lóðir undir sumarhús eða heilsársbyggð. Nefndin bendir á það, að heildarverðmæti

landsins rýrni vegna þess að nýi vegurinn skeri verðmætan hluta þess eftir endilöngu, en jörðin sé ekki landmikil. Þá feli það einnig í sér almenna verðlækkun á jörðinni að hluti gamla vegarins eigi að haldast opinn sem reiðleið. Ekki er rökstutt á hvaða grundvelli komist var að niðurstöðunni. Hér er þó um stefnubreytingu að ræða hjá nefndinni, að því er fram kom í málflutningi fyrir Hæstarétti, svo að enn ríkara tilefni hefði verið að gera ítarlega grein fyrir breyttri afstöðu nefndarinnar.

Niðurstaða hinna dómkvöddu matsmanna um að nýi vegurinn hafi í för með sér almenna verðryrnun jarðarinnar er rökstudd með því, að með tilkomu nýs vegstæðis verði ábúendur að laga nýtingu jarðarinnar að hinum breyttu aðstæðum og því muni fylgja kostnaður, sem valdi verðryrnun á jörðinni í heild. Þá sé reiðvegur og það, að hluta gamla þjóðveggarins verði haldið opnum sem neyðarleið, kvöð á jörðinni og valdi verðryrnun og loks verði um aukinn rekstrarkostnað og óhagstæðari nýtingu að ræða. Gegn mótmælum áfrýjanda verður ekki fallist á, að þeir þættir, sem hér um ræðir, eigi við haldbær rök að styðjast. **Hefur stefnda því ekki sýnt fram á, að lagning hins nýja vegar hafi haft í för með sér almenna verðryrnun jarðarinnar.** (Leturbreyting höfundar). Verða því stefndu ekki dæmdar bætur vegna þessa liðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að áfrýjandi greiði stefndu 1.268.000 krónur með vöxtum svo sem í dómsorði greinir“.

Svo sem áður greinir er þessi niðurstaða Hæstaréttar Vegagerðinni afar hagstæð. Úrskurður Matsnefndar eignarnámsbóta og í framhaldi af honum niðurstaða héraðsdóms var líkleg til að hafa í för með sér erfið fordæmisáhrif og því mikilvægt að fá þeirri niðurstöðu hnekkt. Auk þess tekur Hæstiréttur á nokkrum atriðum með afgerandi hætti, sem varða veg til framtíðar. Má helst nefna eftirfarandi:

1. Á það er fallist, að heimilt sé að bera ágreining sem þennan undir dómstóla, en um það var efast af hálfu landeiganda. Byggði hann á því, að í athugasemdum með frumvarpi að lögum um framkvæmd eignarnáms komi fram, að eignarnemi (Vegagerðin í þessu tilviki) geti ekki borið ágreining um úrlausn matsnefndar undir dómstóla, ef hann hafi tekið umráð eignarumins verðmætis. Hæstréttur segir hins vegar, að allar takmarkanir á aðgangi manna að dómstólum verði að koma fram með skýrum hætti í lögum.
2. Að mati Hæstaréttar eru úrskurðir Matsnefndar eignarnámsbóta, sem þó er lögbundið stjórnvald, ekki réthærra matsgerðum dómkvaddra manna, heldur skuli þeir metnir eftir verðleikum hverju sinni.
3. Hæstiréttur gefur í skyn að taka eigi tillit til þess áhrifsvæðis sem fylgdi eldri vegi um land Þjórsártúns og var ekki lengur fyrir hendi, og því verði að skoða sérstaklega, hvort nýja veginum fylgi meira óhagræði fyrir jörðina en gamla veginum.
Ef ekki, beri ekki að meta bætur fyrir óhagræði vegna nýja vegarins.

Vegagerðin hlýtur að fagna framngreindri niðurstöðu Hæstaréttar. Hún hefur að sjálfsögðu fordæmisgildi, bæði fyrir þá, sem koma að samningamálu við landeigendur fyrir Vegagerðina og ekki síður fyrir Matsnefnd eignarnámsbóta, sem með Þjórsártúnsúrskurðinum breytti um stefnu, en Hæstiréttur leiðrétti aftur til betri vegar.

Fyrir ríkið (Vegagerðina) flutti Steinunn Guðbjartsdóttir hdl. málið sem sitt annað prófmál fyrir Hæstarétti.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005	05
05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005	05
05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005	05
05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur-Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-004 Nesbraut (49), Miklabraut/Kringlumýrarbraut, breikkun ljósagatnamóta	05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, malbik	05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	05

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005	04.04.05	19.04.05
05-013 Hringvegur (1) um Eldvatnsbotna 2005	29.03.05	12.04.05

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-011 Landeyjavegur (252), Gunnarshólmi - Hólmavegur	21.02.05	08.03.05
05-001 Ferjuleið, Vigur-Æðey 2005-2010	31.01.05	15.02.05

Auglýsingar útboða

Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005 05-015

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í „Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005“.

Helstu magnbólur eru:

Akreinaörvar	1.165 m ²
Stakar merkingar	1.150 m ²
Þríhyrningar	747 stk
Massaðar línur	3.500 m ²

Verki skal að fullu lokið 16. ágúst 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með 4. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 19. apríl 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

framhald af forsíðu

1. Lýsing á innra stjórnkerfi verktaka
2. Lýsing á framkvæmd verkþátta
3. Uppruna- og gæðavottorð
4. Eftirlitsáætlun

Í verkum þar sem heildarkostnaður er meiri en 500 m.kr. og verktími lengri en 12 mánuðir verður einnig gerð sú krafa að verktaki vinni eftir skilgreindu gæðakerfi sem hann hefur notað að minnsta kosti í einu verki. Gæðakerfið skal leggja fram með tilboði.

- Frá og með 1. janúar 2006 verður gerð krafa um skil og notkun verkmöppu í öllum verkum. Í verkum þar sem heildarkostnaður verks er áætlaður hærri en 100 m.kr. og verktími lengri en sex mánuðir verður gerð krafa um skilgreint gæðakerfi sem verktaki hefur notað að minnsta kosti í einu verki.
- Frá og með 1. janúar 2007 verður gerð krafa um skilgreint gæðakerfi sem verktaki hefur notað að minnsta kosti í einu verki í öllum útboðsverkum Vegagerðarinnar.

Ekki verður að svo stöddu gerð krafa um að gæðakerfi verði vottuð en gerð verður sú krafa að þau innihaldi sömu þætti og vottað kerfi.

Með þessum auknu gæðakröfum telur Vegagerðin að verk verði betur undirbúið og unnin. Ennfremur ættu samskipti verkkaupa og verktaka að ganga betur.



Eftirlit með framkvæmdum, námskeið

Í þriðja tölublaði Framkvæmdafrétta á þessu ári var greint frá samningi Vegagerðarinnar og Tækniháskóla Íslands um símenntun. Fyrsta námskeiðið samkvæmt þessum samningi var haldið 7. til 11. mars sl. Þátttakendur voru 20 starfsmenn Vegagerðarinnar.

Á námskeiðinu voru sýnd hagnýt dæmi úr mismunandi verkum um fyrirkomulag eftirlits almennt, eftirlitsáætlanir og eftirfylgni þeirra.

Þátttakendur unnu hópverkefni sem fjölluðu um rýni útboðsgagna, gerð eftirlitsáætlana og eftirfylgni þeirra. Einnig var þeim kennt að nýta sér rafrænt framkvæmdakerfi Vegagerðarinnar.

Áherslupættir í umfjöllun um einstaka verkþætti voru m.a: Efra burðarlag (þjöppun), klæðing, malbik, steipt mannvirki (yfirbygging brúar), undirstöður (hreinsun á klöpp), sprengingar (öryggisreglur), vinnustaðamerkingar. Tekið var mið af almennum verklýsingum Vegagerðarinnar Alverk '95 og fjallað um einstaka kafla eftir því sem tilefni var til. Við gerð eftirlitaáætlana var stuðst við ýmis rit Vegagerðarinnar s.s. Alverk '95, Umsjón framkvæmda og Leiðbeiningar um framkvæmdakerfi Vg.